




Langahlíð 7-11 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 15. maí 2025 var lögð fram fyrirspurn Ellýjar Öldu Þorsteinsdóttur, dags. 14. apríl 2025, um að fjölga bílastæðum á lóð nr. 11 við Lönguhlíð um þrjú stæði. Einnig er lögð fram yfirlitsmynd þar sem skissað er inn staðsetning bílastæða. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 19. júní 2025.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



HverfisSKIPULAG



Loftmynd

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin við Lönguhlíð 7-11 borgarhluta 3 Hlíðum og er á skilgreindu íbúðarsvæði.


Deiliskipulag/ HverfisSKIPULAG: Í gildi er hverfisSKIPULAG fyrir Háteigshverfi, samþykkt í borgarráði 11. júlí 2024 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 6. september 2024. Langahlíð 7-11 er innan skilmálaeiningar 3.1.6 í hverfisSKIPULAGI Háteigshverfis.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa til fjölgunar og fyrirkomulags bílastæða á lóðinni við Lönguhlíð 7-11. Á lóðinni er fjölbýlishús með tólf íbúðum en í dag eru sex bílastæði á lóðinni. Samkvæmt skilmálum hverfisSKIPULAGS er heimilt að koma fyrir allt að níu bílastæðum á lóðinni, í samræmi við það sem samþykktir aðaluppdrættir fyrir lóðina sýna.

Nýjustu uppdrættir sem til eru af húsinu, með afstöðumynd sem sýnir fjölda og fyrirkomulag bílastæða, eru frá 1999. Þar eru sýnd núverandi stæði á lóðinni, þrjú með aðkomu frá Bólstaðarhlíð og önnur þrjú með aðkomu frá Úthlíð, nærri Lönguhlíð. Til viðbótar eru sýnd þrjú stæði frá Úthlíð, næst lóðamörkunum við Úthlíð 4.





Afstöðumynd frá 1999

Í fyrirspurn er óskað eftir áliti skipulagsfulltrúa á því að þrjú bílastæði séu útbúin í framhaldi af núverandi stæðum við Úthlíð, í stað þess að þeim sé komið fyrir í norðausturhorni lóðarinnar.

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við tilfærslu staðsetningu bílastæða með þeim hætti sem spurt er um en áskilið er samþykki skrifstofu samgöngustjóra, ekki síst með tilliti til umferðaröryggis gangandi vegfarenda. Sækja þarf um byggingarleyfi og skila lóðaruppdrætti sem sýnir fyrirkomulag bílastæða og annan frágang lóðar. Þegar slík gögn berast er betur hægt að meta áhrif á umferðaröryggi og möguleika til að leggja bílum samsíða Úthlíð.

Niðurstaða

- Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið.
- Sækja þarf um byggingarleyfi og leggja inn lóðaruppdrátt sem sýnir bílastæði og annan frágang lóðar.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur



Reykjavík